

849 KR. PH. BBS BBQ Spare ribs 500 g

599 KR. PH. FRESCHET Cheese Filled Prosciutto in Rand

1429 KR. HG. 20% afsláttur SS Grískar grísahnakkasneiðar

2698 KR. PH. Matfugl kjúklingur mjar KART

198 KR. STK. Ím Kartöflusalat og hrásalat

399 KR. PH. 750 g Nektarfnur askja

Sumartilboð

699 KR. PH. Weetos Morgunkorn

169 KR. STK. Pepsi Max 2 l

639 KR. PH. 20% afsláttur Emmes Daim- og Hnetutoppar

99 KR. STK. Veró frá: Plast borðbúnaður í ferðalagið

99 KR. PH. Maryland 4 tegundir

498 KR. PH. Allra Eldhúsúllur 4 stk.

449 KR. PH. Rókmjólk 6 x 1/4

KJARVAL

VITINN

ÚTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 10 á þriðjudagsmorgnum

Húseignin

**að Sunnubraut 6,
Vík er til sölu.**

Húsið er 178 m², þar af 38 m² bíl-skúr. Byggingarár 2006.

**Upplýsingar gefa Ólafur
í s. 892-9785
eða Guðrún í s. 861-1285**

100 ára afmælisdagur

Í tilefni 100 ára afmælis Ólafar Péturssonar á Giljum 12. júní sl. færði Sveinn Pálsson sveitarstjóri Mýrdælinga afmælisbarninu f.h. Mýrdalshrepps, glerlistaverk eftir Guðrúnu Sigurðardóttur en á listaverkinu má sjá bæinn Giljur í Mýrdal.

Texti tekinn af vef Mýrdalshrepps; vik.is
Mynd: Jónas Erlendsson

SMÁAUGLYSINGAR



28. TBL. 13. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 8. JÚLÍ 2009

Íþróttahátíð USVS 2009

Íþróttahátíð USVS 2009
Laugardaginn 18. júlí kl. 10:30



Héraðsmót USVS í frjálsum íþróttum verður haldið
á Víkurvelli laugardaginn 18. júlí n.k.
Mótið er í umsýslun USVS

Keppit verður í eftirfarandi aldursflokkum og greinum:

8 ára og yngri 60m, langstökk og boltakast

9-10 ára: 60m, langstökk, boltakast og hástökk.

11-12 ára: 60m, 800m, langstökk, spjótast, hástökk og kúluvarp.

13-14 ára: 100m, 800m, langstökk, hástökk, spjótast, kúluvarp, 4x100m.

15-16 ára: 100m, 1500m, langstökk, hástökk, kúluvarp, kringlukast, spjótast, 4x100m

17 ára og eldri: 100m, 400m, 1500m, langstökk, hástökk, kúluvarp, spjótast, kringlukast, 4x100m og 1000m boðhlaup.

Skráningar þurfa að hafa borist forráðamönnum Ungmennafélaganna í sýslunni í síðasta lagi laugardagskvöldið 11. júlí.

Stefnt er að því að hafa tímaseðil tilbúinn fimmtudagskvöldið fyrir mót.

Keppni hefst stundvíslega kl. 10:30 á laugardagsmorgun.

USVS hvetur alla íbúa sýslunnar að mæta og fylgjast með skemmtilegri keppni við frábærar aðstæður í Vík.

Á næstu dögum verður gengið í hús og seldir happdrættismiðar til styrktar USVS. Dreigið verður úr seldum miðum 18. júlí. Veglegir vinningar í boði! USVS

LÖGGUFRETTIR

Vikan 29. júní til 6. júlí 2009.

Vikan gekk vel fyrir sig og þessi mikla ferðahelgi var nær slysalaus í umferðinni hjá okkur. Þýrla var notuð við eftirlitsstöf og hraðamælingar um helgina og var mælt úr þýrlunni og skýrslur gerðar um þau tilvik. Alls voru 155 mál hjá lögreglunni á Hvolsvelli í vikunni. Þar af voru 50 öku-menn kærðir vegna of hraðs aksturs en sá sem hraðast ók var á 162 km. hraða m.v. klst. og var sviptur ökuleyfi til 2ja mánaða. Háar fésektir eru fyrir hraðan akstur. Teljum við að hraði hafi aukist aftur og er þó nokkuð um að öku-menn aki á 125 til 130 km hraða. Leggjum við ríka áherslu að ná hraðanum niður því við tengjum stærð slyssanna við mikinn hraða.

Mikill mannfjöldi var saman kominn á tjaldstæðum í umdæminu og á Hallgeirsey var á 6. hundrað manns saman komið á árlegt mót Háskólanema sem þar er haldið. Einnig var mikill fjöldi fólks saman komið í Þórsmyrk. Fengum við aðstoð fíkniefna-hunds en hann fann ekkert saknæmt. Allt fór þetta vel fram.

Tveir árekstrar voru í vikunni, annar við Búrfell þar sem jeppi með fellihýsi og smábíl lentu saman. Engin slys urðu á fólki en minni bílinn var ókufær. Við afleggjarann að Eystri- Sólheimum varð árekstur tveggja bíla. Bifreið var á leið austur og er talið að hjólbarði undir henni hafi sprungið og við það hafi ökumaður misst stjórn á bifreiðinni sem lenti í hlið bifreiðar sem kom akandi á móti úr gangstæðri átt. Smávægisleg meiðsl hlutust við þetta. Eitt hestaslys varð um s.l. helgi þar sem maður varð undir hesti og lærbrotnaði við bæinn Steig. Tíð hestaslys hafa verið upp síðkastið og hafa mörg þeirra verið alvarleg. Frá júní á þessu ári hafa orðið sjö hestaslys á svæði Hvolsvallarlögreglunnar.

*Tekið saman af;
Guðmundi Inga Ingasyni, varðstjóra*

Góður þessi.....

Um daginn horfði ég gagnrýnum augum á konuna mína, sem ég hef verið giftur í 30 ár og sagði: Heyrðu elskan – fyrir 30 árum áttum við ódýra íbúð, ódýran bíl, við sváfum á sófanum í stofunni, horfðum á 10 tommu svart/hvít sjónvarp og á hverju kvöldi iðkaði ég bólfarir með viljugri 25 ára stelpu. Núna á ég 80 milljóna hús, 15 milljóna bíl, rúm á stærð við skeiðvöll og 50 tommu flatskjá – en þarf að setta mig við það á hverju kvöldi, að fara í bólið með þreyttri 55 ára konu. Ég fæ ekki séð að þú hafir haldið í við þróunina hér !

Ég verð að játa að ég á skynsama konu : Hún leit snöggvast á mig og sagði um leið:

Ekki vandamálið: Drífðu þig bara út og finndu þér 25 ára viljuga stelpu !

Ég sé um að þú fái hitt aftur: Ódýra íbúð, bíl-druslu og ódýrt svart/hvít sjónvarp !

– eftir þessi 30 ár, veistu að ég meina það sem ég segi.

Er konan mín ekki frábær - Grái fiðringurinn hvarf á einu andartaki

A döfni.....

18.07.2009

Íþróttahátíð USVS

Spakmæli vikunnar

Mikilmenni eru þeir sem sjá að hið andlega er sterkara en nokkur öfl, að hugsun stjórna veröldinni.

- Ralph Waldo Emerson

Vantar ykkur frábæru Volare vörurnar.

Sæunn 891 7810



Konusápan Hreinsigel fyrir konur pH 4,3 Mild og örugg hreinsiaðferð, sérstaklega gerð til að hjálpa þér að halda viðkvæmasta líkamshluta þínum hreinum, frískum og lyktarlausum. Dagleg notkun kemur janf-vægi á náttúrulegt sýrustig þessa viðkvæma svæðis.

Nýja netverslunin: -

www.fallegfot.com

Mikið úrval að nýjum og ódýrum fötum,
sendi um land allt.



Gróðrarstöðin Dilksnesi auglýsir.

Sumarblóm, kryddjurtir, fjölær blóm (yfir 150 teg.) trjáplöntur (um 100 tegundir og kvæmi)

Skógarplöntur (ýmsar tegundir af lauftrjám).

Rósir - (Glóðarrós, Páfarós, Skáldarós, Yndisrós, Katrín Viðar, Red Nelly og fl.)

Kvistir – (Margar tegundir). Virginíuheggur, Hlíðaramall, Sunnubroddur, Syrena ‘Villa Nova og fl.

**Opnunartími í júlí opið virka daga 13 – 18,
laugardaga 11 – 15, lokað sunnudaga**

*Ath. 99% plantna eru ræktaðar í Dilksnesi í Hornafirði
gróðrarstöðinni við sjávarsíðuna.*

Verið velkomin sími 8491920.

EINBÚINN

Yfir dal, yfir sund,
yfir gil, yfir grund
hef ég gengið á vindléttum fótum.
Ég hef leitað mér að,
hvar ég ætti mér stað,
út um öldur og fjöll og í gjótum.

En ég fann ekki neinn,
ég er orðinn of seinn,
þar er alsett af lifandi og dauðum.
Ég er einbúi nú
og ég á mér nú bú
í eldinum logandi rauðum.

Úr LJÓÐMÆLUM
JÓNASAR HALLGRÍMSSONAR

Unglingalandsmót UMFÍ um verslunarmannahelgina á Sauðárkróki.

Hið geysivinsæla Unglingalandsmót UMFÍ verður haldið á Sauðárkróki dagana 31.júlí til 2.ágúst.

Pátttökurétt hafa öll börn og unglingar á aldrinum 11-18 ára.

Keppt verður í eftirfarandi greinum:

- | | | | |
|----|-------------------|----|----------------|
| 1. | Frjálsum íþróttum | 5. | Knattspyrnu |
| 2. | Glímu | 6. | Körfuknattleik |
| 3. | Golfi | 7. | Sundi |
| 4. | Hestaíþróttum | 8. | Skák |
| | | 9. | Mótocross |

Samhliða þessum greinum verður boðið uppá strandblak, dans, freestyle og fleira sem allir geta prófað.

Stjórn USVS hvetur foreldra og forráðamenn barna og unglinga á aldrinum 11-18 ára að fara á Unglingalandsmót og stefna á myndarlega þátttöku USVS á mótinu.

Fylking USVS hefur ætíð vakið athygli í skrúðgöngu við setningu mótsins og í ár verður engin undantekning. Í þessari göngu förum við fram á að fólk-ið okkar klæðist svörtum buxum og USVS treyjunni/úlpunni

Kynnið ykkur allt um keppni og afþreyingu Unglingalandsmóts UMFÍ á heimasíðu landsmótsins: ulm.is

Minnt er á að síðasti dagur til skráningar á mótið er þriðjudagurinn 28. júlí n.k.á netfangið usvs@mmedia.is í skráningunni á að koma fram nafn, kennitala keppenda og þær keppnisgreinar sem viðkomandi hefur áhuga á að taka þátt í.

Allir á Unglingalandsmót um verslunarmannahelgina 2009!!!

USVS.

Úrslit á Hestaþing Sindra 27. - 28. júní 2009

Pollaflokkur

- 1) Guðmundur Elfsson 8 ára
Erró frá Stóru-Heiði 14.v jarpur
- 2) Tinna Elfasdóttir 6 ára
Farði frá Öxl 23 vetra jarpvindóttur
- 3) Dagmar Isabel Orradóttir 8 ára
Mökkur frá Efri-Lækjardal 8.v brúnn
- 4) Jakobína Kristjánsdóttir 8 ára
Sleipnir frá Akurgerði 19.v bleikálóttur
- 5) Sunna Lind Sigurjónsdóttir 6 ára
Strákur frá Ytri-Skógum 29.v sótrauðblesóttur

Barnaflakkur

- 1) Máni Orrason
Straumur frá Írafossi 10.v brúnn
- 2) Elín Árnadóttir
Lúkas frá Stóru-Heiði 12.v brúnn
- 3) Kolbrún Sóley Magnúsdóttir
Fluga frá Fornusöndum 9.v jörp
- 4) Birta Guðmundsdóttir
Frostan frá Skálakoti 8.v leirljós
- 5) Margeir Magnússon
Tumi frá Fornusöndum 12.v rauðblesóttur
- 6) Þorsteinn Björn Einarsson
Dropi frá Ytri-Sólheimum 7.v rauðstjörnöttur

Unglingaflokkur

- 1) Jóna Þórey Árnadóttir
Von frá Núpakoti 13.v brúntvístjörnött
- 2) Ásta Alda Árnadóttir
Tinna frá Núpakoti 13.v brún
- 3) Björk Smáradóttir
Nagli frá Eyjarhólum 9.v jarpur
- 4) Ingibjörg Matthíasdóttir
Maístjarna frá Spágilsstöðum 10.v rauðstjörnött
- 5) Heiðar Þór Sigurjónsson
Þyrill frá Hvassafelli 19.v bleikrauður

A-Flokkur

- 1) Hreimur frá Fornusöndum 9.v svartur
F: Huginn frá Haga M: Kolfinna frá Fornusöndum Eig: Ásgerður S Gissurardóttir
Knap: Ævar Örn Guðjónsson Einkunn: 8,47
- 2) Silvía frá Fornusöndum 7.v rauðstjörnött
F: Spaði frá Skjál M: Björk frá Norður-Hvammi

- Eig/knapi: Axel Geirsson
Knap: í úrslitum: Elvar Þormarsson Einkunn: 8,35
- 3) Losti frá Norður-Hvammi 13.v rauðstjörnöttur
F: Hvammur frá Norður-Hvammi
M: Spurning frá Ytri-Sólheimum
Eig/knapi: Axel Geirsson Einkunn: 8,18
- 4) Tign frá Fornusöndum 5.v rauðstjörnött
F: Sjóli frá Dalbæ M: Björk frá Norður-Hvammi
Eig: Axel Geirsson
Knap: Magnús Benediktsson Eig: 8,17
- 5) Kveikur frá Norður-Hvammi 15.v leirljós
F: Víkingur frá Selfossi M: Þögn frá Norður-Hvammi Eig/knapi: Þráinn V Ragnarsson Einkunn: 8,15

B Flokkur

- 1) Klængur frá Skálakoti 8.v rauður
F: Gnýr frá Stokkseyri
M: Sýrpa frá Skálakoti
Eig: Guðmundur Viðarsson, Finnboði Geirsson og fl. Knap: Vignir Siggeirsson Einkunn: 8,68
- 2) Sveigur frá Varmadal 7.v dökkrauður
F: Hróður frá Refsstöðum M: Spá frá Varmadal
Eig: Norður-Götur ehf
Knap: Hulda Gústafsdóttir Einkunn: 8,68
- 3) Hrynjandi frá Selfossi 11.v rauðblesóttur
F: Víkingur frá Voðmúlastöðum M: Sylgja frá Selfossi Eig: Norður-Götur ehf
Knap: Friðdóra Friðriksdóttir Einkunn: 8,40
- 4) Dropi frá Stóra-Dal 14.v rauðblesóttur
F: Sproti frá Hæli M: Dáð frá Stóra-Dal
Eig: Ragnar Matthías Lárusson & Sigurrós Lilja Ragnarsdóttir Knap: Sigurrós Lilja Ragnarsdóttir Einkunn: 8,17
- 5) Hrappur frá Efri-Fitjum 13.v dökkjarpur
F: Baldur frá Bakka M: Flugla frá Árgerði
Eig/knapi: Line Nörgaard Einkunn: 8,14

Stjörnuþingstóltið

- 1) Sigurður Sigurðarson
Kjarnorka frá Kálfholti einkunn: 8,39
- 2) Sigurður Óli
Óttar frá Norður-Hvammi einkunn: 7,28
- 3) Sindri Sigurðsson
Svali frá Feti einkunn: 7,28
- 4) Elvar Þormarsson
Gormur frá Fljótshólum einkunn: 7,17

- 5) Vignir Siggeirsson
Heljar frá Hemlu einkunn: 6,72

100 metra flugskeið

- 1) Freyðir frá Hafsteinsstöðum
Sigurður Sigurðarson tími: 7,9
- 2) Losti frá Norður-Hvammi
Geirsson tími: 8,0
- 3) Lúpa frá Kílhrauni
Sigurður Óli Kristinsson tími: 8,2

150 metra skeið

- 1) Losti frá Norður-Hvammi
Axel Geirsson tími: 15,6
- 2) Gassi frá Efra-Seli
Þráinn V Ragnarsson tími: 16,0
- 3) Tenór frá Norður-Hvammi
Elvar Þormarsson tími: 16,3

250 metra skeið

- 1) Blossi frá Skammbeinsstöðum
Ævar Örn Guðjónsson tími: 23,6
- 2) Losti frá Norður-Hvammi
Axel Geirsson tími: 23,8
- 3) Þjakkur frá Bakkakoti
Magnús Benediktsson tími: 24,9

300 metra Brokk

- 1) Tenór frá Norður-Hvammi
Elvar Þormarsson tími: 37,5
 - 2) Þyrill frá Hvassafelli
Heiðar Þór Sigurjónsson tími: 37,9
- Fegursti gæðingur Sindra var valinn Sveigur frá Varmadal

Sögur

Til eru margar sögur af hestum, tryggð þeirra, þoli og ratvísi. Hér er að finna tvær.

RATVÍSI

Sveinn Pálsson var læknir um síðustu aldamót og eitt sinn um vetur þegar hann var á ferð austur fyrir fjall dettur hann af baki og missir meðvitund. Þegar hann rankar við sér stóð hesturinn yfir honum og var að ýta í hann eins og til að vekja hann. Sveinn ætlaði þá að standa á fætur en gat það ekki því fæturnir voru dofnir af kulda. Þegar hesturinn sá það, lagðist hann niður

svo að Sveinn gat brólt á bak. Það var hríðarbylur og læknirinn vissi ekkert hvar hann var og lét hestinn ráða. Fór hesturinn svo hratt að Sveinn þurfti að hafa sig allan við til að halda sér á baki, og létti ekki ferðinni fyrir en hann kom á hlað á einhverjum bæ þar sem hann fékk hjálp. Sveinn þakkaði hestinum fyrir að bjarga lífi sínu og kvaðst seint mundi heyra þær sögur af viti hesta, sem hann ekki tryði.

Skjóni

Fjalladýrð og frelsi hlaut hann folinn, strax í vöggugjöf. Ærsla, leiks og yndis naut hann, ungun verður fátt að töf.

Þó að vetur þyldi strangur þulur snjóa og vægði ei, annað þekkti ei útgangur, ekkert vissi um skjól né hey.

Fjögur ár var frelsis notið, fagnað vori og sumaryl, aldrei neinum lögum lotið, lífið allt, - að vera til.

Færður var úr heiðahögum, haldinn ótta og frelsisþrá. Mátti lúta mannalögum, miskunn enga var að fá.

Víst þeir ekki veittu frestinn, vafinn böndum féll á jörð, beisluðu síðan baldna hestinn, blóðið litar mélin hörð.

Aflið – folans einu rökin- aðeins hlaut þar spott og háð. Ekki brugðust eyrnatökin, aumra manna þrautaráð.

Aldrei síðan aftur gleymir ógn og kvöl, sem nísti hann. Æskufrelsið alltaf dreymir, engum manni treysta kann.

(Pálína Þorsteinsdóttir).